



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

SPÆN1BB05

Byrjunaráfangi 2 í spænsku

Kennarar:	Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir tota@fsu.is Sigríður Guðmundsdóttir sigridur@fsu.is	Sk.st.	GKS SGU
------------------	--	---------------	--------------------

Áfangalýsing:

Viðfangsefni undanfarans eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun, þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu spænskumælandi landa. Orðaforði er aukinn og ný málfræðiatríði þjálfuð. Til að æfa þessi atríði er hægt að taka mið af eftirfarandi:

- Stuttar frásagnir, hvað fólk gerir í fríi eða á ferðalögum. Póstkort og bréf.
- Borgarlíf; að lýsa borg, staðsetning borga, að vísa til vegar, að sinna erindum í borginni, áhugaverðir staðir, helstu byggingar og staðsetning þeirra.
- Menningarviðburðir.
- Persónulýsingar; útlit og persónuleiki.
- Matur og drykkur, veitingastaðir, matarvenjur, máltíðir, matarboð og innkaup.
- Tímstundir og áhugamál, skoðanir (að líka/mislíka) og stefnumót.
- Mánuðir, árstíðir og veður.

Áhersla verður lögð á að nemendur tjái sig sem mest á spænsku í töluðu og rituðu máli, og einnig verður lögð áhersla á fjölbreytta og skapandi verkefnavinnu þar sem tekið er tillit til áhuga nemenda eins mikið og unnt er. Unnið verður með fjölbreytt efni, meðal annars tónlist, myndbönd, leiki og ýmist efni af Netinu sem hjálpar við að komast nær spænskumælandi menningarheimi og eflir menningarlæsi nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun.

Undanfari: SPÆN1AA05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins,
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur,
- grundvallarþáttum málkerfisins,
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega,
- lestri ýmiss konar texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni,
- að bregðast við spurningum um efni sem hann þekkir og beita kurteisisvenjum og hljómfalli við hæfi,
- að beita þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins,
- að skrifa einfaldan texta um efni sem hann þekkir og nota viðeigandi málfar,
- að fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál, að nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig um hugðarefni sín og áhugamál,
- tjá sig um liðna atburði,
- miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á,
- tjá skoðanir og tilfinningar,
- takast á við kunnuglegar aðstæður í almennum samskiptum og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum,
- lesa texta af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína,
- skrifa um áhugamál sín.

Námsefni og gagnlegar vefsíður:

- Nuevo Español en marcha, nivel básico A1/A2: lesbók (Libro del alumno) og vinnubók (Cuaderno de ejercicios)
- Vinnuhefti/ljósrit frá kennara
- Glósubók - í stærð A5 eða A4
- Náms efni á Innu
- www.snara.is (orðabók á netinu, frír aðgangur á vefsvæði FSu og heima við með skráningu í gegnum Office 365)
- www.spanishdict.com (orðabók og sagnbeygingar á netinu)
- www.wordreference.com (orðabók og sagnbeygingar á netinu)
- www.verbix.com (sagnbeygingar á netinu)
- <https://conjuguemos.com/> (gagnvirkar sagnbeygingaæfingar á netinu)
- Duolingo, Baamboozle, Wordwall og Kahoot (leikja-/námsforrit á netinu)

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hlutapróf	Tvö skrifleg kaflapróf úr námsefninu (lesskilningur, orðaforði og málfræði)	45%
Hlustunarverkefni	Hlustunarverkefni	10%
Munnlegt próf	Upplestur/Munnlegt próf (í lok annar)	10%
Verkefni	Ýmis verkefni (ritanir, kvikmyndaverkefni, glósu-/sagnapróf, lokaverkefni)	30%
Annað	Mæting og ástundun	5%
Samtals		100%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	1. - 4. jan.	Jólafrí	
2	5. - 11. jan.	Kennsla hefst 8. janúar Farið yfir kennsluáætlun og vefsíður Upprifjun úr SPÆN1AA05	Upprifjun á INNU Upprifjunar-Kahoot Ritun: Stutt kynning á ykkur sjálfum
3	12. - 18. jan.	5A: Matur + veitingastaðir	INNU-verkefni: Matur, ílát/áhöld, matmálstímar og að panta á veitingastað
4	19. - 25. jan.	5B: Áhugamál + GUSTAR	Ritun: Smáauglýsing (m/sögninni gustar) INNU-verkefni: Áhugamál og sögnin gustar
5	26. jan. - 1. feb.	7C: Að lýsa fólki	Ritun: Persónulýsing INNU-verkefni: útlit, persónuleika, sagnirnar ser, tener, llevar.
6	2. - 8. feb.	9B: Föt og litir 9A: Sögnin costar	Ritun: Föt og litir INNU-verkefni: Föt, litir og sagnirnar llevar og costar.
7	9. - 15. feb.	9C: Samanburður og stigbreyting lýsingarorða og ábendingafornöfn	Ritun: Stigbreyting lýs.orða INNU-verkefni: lýsingarorð og stigbreyting þeirra Ábendingarfornöfn
8	16. - 22. feb. Miðannarmat 20.feb.	Upprifjun f/Kaflapróf 1	Kaflapróf 1 Hlustunarverkefni
9	23. feb. - 1. mars Vorfrí 23. - 24. feb. Starfsþr.d. 27.feb.	Kvikmynd	Kvikmyndaverkefni
10	2. - 8. mars Áfangamessa 4. mars	8C: Veðrið, vikudagarnir, mánuðirnir, ártöl, hátíðir	INNU-verkefni: Hátíðir í Mexíkó o.fl.
11	9. - 15. mars Valdagur 11. mars	5C: Uppskriftir + reglulegur boðhátur	INNU-verkefni: Uppskriftir og reglulegur boðhátur
12	16. - 22. mars Kátir dagar og Flóafár 18. - 20. mars.	6B: Óreglulegur boðhátur (Lokaverkefnið kynnt)	INNU-verkefni: Óreglulegur boðhátur
13	23. - 29. mars	6C: Hverfið/ borgin	Ritun: Hverfið mitt
14	30. mars - 5. apríl PÁSKAFRÍ	PÁSKAFRÍ	
15	6. - 12. apríl PÁSKAFRÍ til og með 6. apríl	8A: Að vísa til vegar 7B: Estar + Gerundio (lýsingarháttur nútíðar)	INNU-verkefni: Að vísa til vegar og ýmsir staðir í borginni INNU-verkefni: Kaflar 6C og 8A Ritun: Lýsingarháttur nt.
16	13. - 19. apríl	Upprifjun f/Kaflapróf 2	Kaflapróf 2 Hlustunarverkefni
17	20. - 26. apríl	Lokaverkefni (páskafríð mitt)	Lokaverkefni: Lokaskiladagur er 26. apríl
18	27. apríl - 3. maí	Undirbúningur fyrir munnleg próf Munnleg próf	Munnleg próf/SKRAP
19	4. - 10. maí	Munnleg próf	Munnleg próf/SKRAP
20	11. - 17. maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí	Uppgjör annar Námsmatsdagar 15. - 19. maí	

Námsmat hefst föstudaginn **15. maí**. Það er EKKI lokapróf í þessum áfanga þar sem þetta er **SÍMATSÁFANGI** en athugið það er gerð krafa um **lágmarkseinkunnir á kaflaprófunum**. Áætlun þessi er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Sérreglur áfangans:

- ❖ Nemendur þurfa að fylgjast með dagskrá komandi viku á Innu og í kennsluáætlun og bera ábyrgð á því að standa skil á verkefnum á réttum tíma og læra fyrir próf.

❖ Ekki er tekið við verkefnum eftir að skilafrestur er liðinn.

- ❖ Ef nemandi er fjarverandi þegar próf er tekið í tíma hefur hann möguleika til að taka það í skriptíma sem kennari mun auglýsa síðar á önninni.

- ❖ Nemendur fæddir árið 2006 og fyrr skulu skila öllum verkefnum og prófum eins og aðrir nemendur. Þeir skrifa einnig undir samning við kennara vegna mætingar. Athygli skal einnig vakin á því að **þetta er ekki fjarnámsáfangi**.

- ❖ Gerð er krafa um að taka öll stærri próf: **kaflaprófin og munnlega prófið**. Einnig þurfa nemendur að fá **4,5 í meðaleinkunn** úr kaflaprófunum tveimur til að standast áfangann.

- ❖ Allt sem telst sem svindl í prófum gefur einkunnina 0 sbr. skólareglur FSu:

„Nemendur sem staðnir eru að því að nota óleyfileg gögn eða veita eða þiggja hjálp í prófum, umfram það sem heimilað er, hafa fyrirgert rétti til prófs í viðkomandi áfanga eða öllum prófum á viðkomandi önn skv. nánari ákvörðun skólaráðs. Nemendum er sérstaklega bent á að vera ekki með neitt skrifað í lófa, í pennaveski, á handarbök eða í bækur, sem leyfðar eru í prófum.“

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar eru alltaf við lok hvernar annar og eru mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 6. Janúar 2026,

Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir og Sigríður Guðmundsdóttir.